

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um fjölgun prestsembættanna í Vestfjarðaprófastsdæmi.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Magnúsi Erlingssyni.

Frsm. Magnús Erlingsson.

Kirkjuþing 2023-2024 telur nauðsynlegt að fjölga prestum á Vestfjörðum þannig að á hverju samstarfssvæði séu starfandi ekki færri en tveir prestar svo að hægt sé að skipuleggja vaktafri og önnur lögbundin fri.

Tekið er undir ályktun héraðsfundar Vestfjarðaprófastsdæmis frá því 10. september síðastliðnum um að bætt verði við einum prest í Patreksfjarðarprestakalli og einum prest í Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli.

#### Greinargerð.

Á héraðsfundi Vestfjarðaprófastsdæmis var eftirfarandi ályktun samþykkt: “Héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis haldinn á Hólmavík þann 10. september 2023 skorar á kirkjuþing og biskupafund að fjölga prestum á Vestfjörðum.”

Um síðustu aldamót voru starfandi 14 prestar á Vestfjörðum. Í dag eru einungis fimm þjónandi prestar á Vestfjörðum. Fækkað hefur verið um átta embætti.

Vestfirðir skiptast í þrjú samstarfssvæði. Á norðanverðum Vestfjörðum í Ísafjarðarprestakalli þjóna þrír prestar 5096 manns, sem búa í sjö þéttbýliskjörnum og sjö sveitasóknum. Í prestakallinu eru í allt 21 kirkja. Á Patreksfjarðarsvæðinu þjónar einn prestur 1442 manns sem búa í þremur þéttbýlissóknum og fimm sveitasóknum. Kirkjurnar í prestakallinu eru 10 talsins. Í Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli þjónar einn prestur 903 manns, sem búa í þremur þéttbýlissóknum og átta sveitasóknum. Kirkjurnar í prestakallinu eru 13 talsins. Samtals þjóna þessir fimm prestar 32 sóknum og 43 kirkjum. Kapellur á sjúkrahúsum og elliheimilum eru ekki taldir með enda þótt þar sé líka reglulegt helgihald.

Sóknin er grunneining kirkjunnar. Í hverri sókn er gert ráð fyrir reglulegu helgihaldi og í þéttbýlissóknum er gert ráð fyrir fjölbreyttu safnaðarstarfi. Þá sinna prestar sálgæslu og annarri þjónustu, svo sem við skírnir, fermingar, hjónavígslur og útfarir. Vegna landshátta á Vestfjörðum útheimtir þessi þjónusta oft á tíðum mikil og margvísleg ferðalög. Dæmi eru um að prestar hafi ekið hundruð kílómetra til að sinna athöfn eða messu.

Samkvæmt 3. grein laga um þjóðkirkju Íslands (lög nr. 77/2021) þá ber þjóðkirkjunni að þjóna öllum landsmönnum óháð búsetu. Réttur fólks til þjónustu er ekkert minni í hinum dreifðu byggðum heldur en í þéttbýli borga og bæja. Í 3. grein þessara laga segir svo: “Þjóðkirkjunni ber að halda úti kirkjulegri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni. Prestar og djáknar gegna þjónustu í þjóðkirkjunni.” Hér er einnig vísað til skýrslu, sem lögð var fram á kirkjuþingi í nóvember 2022, sjá 17. mál 2022.

Vegna þess að prestar á Vestfjörðum eru ekki nema fimm talsins þá getur verið snúið að skipuleggja afleysingar vegna lögbundinna fría. Dæmi eru um að prestar hafi stytzt frí sitt til að sinna viðkvæmri þjónustu í sinni heimabyggð. Biskup hefur reynt að leysa vandkvæðin við afleysingar með því að fá presta á höfuðborgarsvæðinu til að leysa af. Það er ekki heppileg ráðstöfun og í raun neyðarúrræði.

Á tveimur samstarfssvæðanna á Vestfjörðum, það er í Patreksfjarðarprestakalli og í Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli er einungis einn prestur þjónandi. Þetta þýðir að viðkomandi prestur er alltaf á bakvakt, virka daga sem helgar, daga sem nætur. Það fær ekki staðist. Prestar hljóta líkt og annað vinnandi fólk á Íslandi að eiga sinn rétt á fríum án þess að vera alltaf á bakvakt og til taks.

Til að leysa þessi mál þá þyrfti að bæta við presti bæði í Patreksfjarðarprestakalli og eins í Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli. Marmiðið hlýtur að vera það að á hverju samstarfssvæði séu þjónandi í það minnsta tveir prestar, sem geti leyst hvorn annan af og skipst á að vera á bakvakt.